

Smáratorg 3: Lýsing á turninum (berist til Auðar)

Til : Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Frá : Júlía Brekkan <julia@eik.is>
Heiti : Smáratorg 3: Lýsing á turninum (berist til Auðar)
Málsnúmer : 2404532
Málsaðili : Eik fasteignafélag hf.
Skráð dags : 25.03.2024 14:00:38
Höfundur : Júlía Brekkan <julia@eik.is>

Viðhengi [Smáratorg3_ljós_mars24.pdf](#)
[image002.png](#)
[image001.png](#)

Góðan dag, berist til Auðar.

Um er að ræða mögulega uppsetningu skrautlýsingar á Smáratorgi 3. Gott samtal er búið að eiga sér stað við Valdimar, byggingarfulltrúa, sem benti mér á að senda erindið til ykkar, í kjölfarið.

Hugmynd og uppsetning:

Líkt og við ræddum í síma erum við að skoða það að gera turninn (Smáratorg 3) meira spennandi og að kennileiti fyrir svæðið. Unnið er m.a. með Arkís, arkitektum hússins og Lisku, ljósaönnuðum, sérfræðingum í lampaframleiðslu og verkfræðingum. Hugmynd okkar er að setja upp led borða í álprófil, sem fer utan á núverandi gluggakerfi hússins og verður þannig hluti af gluggakerfinu og húsinu sjálfu. Prófilarnir eru í sama RAL lit og núverandi gluggakerfi og eru led-ljósálengjur inni í matti silicone hulsu. Ledprófilar væru settir á suður og austurhlíð í hvert gluggabil, frá efstu hæð (20.) og niður tæpa 30 metra (ca að 14. hæð). Allir spennar og snúrur verða uppi á þaki sem auðveldar aðgengi og viðhald.

Lýsing og stillingar:

Í **viðhengi** er samantekt frá mér og ljósaönnuði varðandi tillögu að stillingum og ljósmagni. Einnig læt ég fylgja nokkur render myndbönd, og eitt sem tekið var á staðnum, í gegnum Wetransfer hlekk (vegna stærðar):

<https://we.tl/t-uZp5FlxLob>

(Ég tek það fram að myndbandið, sem tekið var á staðnum, sýnir ljósin með hærra birtumagni en í raun verður). Hugmyndin er að við látum forrita sviðsmyndir, sem eru látnar rúlla yfir árið. Auðvelt er þó að breyta því, bæta inn í eftir þörfum eða hreinlega dimma ljósin eða slökkva (í sérstökum tilfellum) – verulega skilvirkt og notendavænt kerfi.

Staðan og næstu skref:

Verði verkefnið samþykkt, bæði innanhúss hjá okkur og hjá ykkur, hyggjumst við samnýta lyftuna, sem nú er utan á húsinu, í uppsetningu ljósanna (reyna að samnýta bæði innviði og vinnuafli).

Við viljum vinna þetta verkefni vel í samtali við ykkur og ná þ.a.l. góðri lendingu sem allir eru sáttir við.

Sömuleiðis er verkefnið fremur viðkvæmt fyrir tíma og óskum við eftir því að vinna þetta hratt og örugglega, í sameiningu.

Ekki hika við að heyra í mér ef eitthvað er óljóst. Ég hlakka til að heyra frá þér við fyrsta tækifæri.

Kær kveðja,



Júlía Brekkan

Verkefnastjóri **viðskiptaþróunar**
590 2200 • **663 9040**

Sjá fyrirvara/disclaimer: www.eik.is/fyrirvari